

**Ed.**

## **825. Nefndarálit**

um frv. til laga um landshöfn og fiskiðjuver ríkisins í Höfn í Hornafirði.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað og rætt frumvarpið og ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Vill minni hl. (StgrA) láta samþykkja frumvarpið, en á það gat nefndin ekki fallizt, og gefur hann því út minni hluta nefndarálit.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er ákveðið, að ríkið skuli koma upp á sinn kostnað fiskiðjuveri og landshöfn í Hornafirði fyrir allt að 6 millj. króna, hvar af 4 millj. eru ætlaðar í fiskiðjuverið, en 2 millj. til hafnarinnar. Nefndin hefur nýlega tekið afstöðu til frv. um fiskiðjuver ríkisins á Ísafirði, og visast hér til þess að því er snertir þann kafla þessa frumvarps, sem lýtur að byggingu fiskiðjuversins.

Hvað snertir þann kafla frv., sem lýtur að landshöfn í Hornafirði, vill meiri hluti nefndarinnar benda á, að ýmsar raddir hafa áður verið og eru enn uppi um landshafnir í einstökum héruðum. Voru m. a. um langt skeið raddir uppi um það að gera landshöfn í Þorlákshöfn og í sambandi við þá hugmynd var gerð þar ýtarleg rannsókn á allri aðstöðu, kostnaðaráætlun samín o. s. frv. Þá var einnig borið fram á síðasta aðalþingi frv. til laga um landshöfn á Þórshöfn, og enn hefur mjög verið rætt um að koma upp landshöfn á Rífi, auk landshafnar á Hornafirði. Allir fyrrnefndir staðir — að undanskildu Rífi — hafa þó verið teknir upp í hin almennu hafnarlög og njóta þess fjárhagsstuðnings, sem þau lög mæla fyrir um. Eina landshöfnin, sem enn hefur verið ákveðin með lögum, er landshöfnin við Faxaflóa, en allt bendir til, að mannvirkjum þeim, sem þar er fyrirhugað að koma upp, verði ekki lokið fyrst um sinn. Er vafasamt, hvort rétt sé, að ríkið leggi fram fé til byggingar annarrar landshafnar fyrr en það verk er nokkuð lengra á veg komið, nema alveg sérstakar aðkallandi ástæður séu fyrir hendi. Verði almennt horfið að því ráði, að ríkið byggi landshafnir á hinum ýmsu stöðum á landinu, í stað þess að styðja héruðin til þess, eins og nú er meginregla, þarf að sjálfsögðu að skipuleggja þær framkvæmdir, athuga nákvæmlega, hvaða staðir eigi að ganga fyrir, og koma hafnarmannvirkjunum síðan upp eftir fyrir fram skipulögðum áætlunum, en að þær verði ekki ákveðnar af handahófi, hver út af fyrir sig. Er þá og eðlilegt, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir slíkum undirbúningi á málinu.

Með tilvísun til þessa leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

### **RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:**

Með því að gildandi lög um hafnarbætur og lendingarbætur gera ráð fyrir því sem meginreglu, að héruðin komi sér upp nauðsynlegum hafnarmannvirkjum með aðstoð ríkisins, en Höfn í Hornafirði nýtur nú slíkrar aðstoðar, og þar sem enn hefur ekki farið fram fullkomin athugun á því, hvort og hvar á landinu frekari fjárhagsaðstoð til hafnarmannvirkja er nauðsynleg, eða hvaða staðir hafa ekki fjárhagslega möguleika til að koma upp slíkum mannvirkjum, en hefðu verulega þýðingu fyrir afkomu atvinnuveganna, ef þar kæmu upp öruggar hafnir, og í trausti þess, að slíkri athugun verði hraðað, sér deildin ekki ástæðu til frekari aðgerða í málinu og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. maí 1947.

Gísli Jónsson,  
form., frsm.

B. Kristjánsson,  
fundaskrifari.

Sigurjón Á. Ólafsson.

Pétur Magnússon.